

# Vatnaáætlun Íslands 2022-2027

## Umsagnir og svör Umhverfisstofnunar

Formlegt ferli innleiðingar á lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála felur í sér útgáfu á vatnaáætlun þar sem sett er fram stefna stjórnvalda í vatnamálum. Hluti vatnaáætlunar er aðgerðaráætlun þar sem settar eru fram aðgerðir til að tryggja gott ástand vatns og vöktunaráætlun þar sem markmiðið er m.a. að samræma vöktun vatns á landsvísu. Vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun gilda til sex ára í senn. Í þessari greinargerð er farið yfir þær umsagnir sem bárust vegna opinberrar kynningar vatnaáætlunar, kynningartími var í 6 mánuði eða frá 11. desember 2020 til og með 15. júní 2021.

Alls bárust sex umsagnir og einn tölvupóstur frá eftirtöldum aðilum:

- Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur
- Landmælingum Íslands
- Landsvirkjun
- Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélögum
- Samorku
- Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Eftirfarandi eru viðbrögð Umhverfisstofnunar við þeim athugasemdum sem fram komu á kynningartíma vatnaáætlunar.

## Efnisyfirlit

1. Umsögn Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.....	3
2. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.....	6
3. Umsögn Landmælinga Íslands.....	9
4. Umsögn Landsvirkjunar .....	11
5. Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur.....	14
6. Umsögn Samorku.....	18

# 1. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Hafnarfjarðar- og  
Kópavogssvæðis

Garðatorg 5 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • www.heilbrigðiseftirlit.is • hkk@heilbrigðiseftirlit.is

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Garðabær 3. júní 2021  
K-16661 PS/ps

Netfang: ust@ust.is

### Umsögn heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um drög að Vatnaáætlun 2022 til 2027

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (HHK) fagnar því að fram eru komin drög að vatnaáætlun fyrir Ísland sem ætlað er að stuðla að sjálfbærri nýtingu og langtíma vernd yfirborðsvatns, grunnvatns og strandsjávar í íslensku umhverfi. Umhverfisstofnun hefur óskað eftir umsögn um áætlunina og meðfylgjandi áætlanir, þ.e. aðgerðaráætlun, vöktunaráætlun og umhverfisskýrslu. Frestur til athugasemda er til 15. júní 2021.

HHK hefur árum saman haft mikla aðkomu af vatnsbúskap á svæði nefndarinnar. Fyrst fyrir einstök bæjarfélög en sem síðar þróaðist í að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sameinuðust um eitt sameiginlegt vatnsverndarskipulag undir handleiðslu heilbrigðisnefnda. Síðan einnig að núverandi vatnsverndarskipulagi, sem er frá 2015, ásamt gerð heilbrigðissamþykktu um verndarsvæðið. Saman mynda eftirlitssvæðin framkvæmdastjórn fyrir vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

HHK hefur staðið fyrir vöktun vatnshlota á svæði nefndarinnar, látið framkvæma fjölmargar efnamælingar á grunnvatni, flokkað stöðuvötn út frá reglugerð um varir gegn mengun vatns, vaktað heilnæmi neysluvatns og gerlaðstandi í vötnum, lækjum og í strandsjó. Þá hefur nefndin stutt sveitarfélögin við vöktun á rangtengingum og flæði ofanvatns í læki í bæjarlandi þeirra. HHK telur að hjá sveitarfélögum í landinu, heilbrigðisnefndum og vatnsveitum sé mikil þekking og reynsla sem að ósekju hefði mátt skila sér í ríkari mæli í stefnumörkun stofnunarinnar.

Nefndin fól heilbrigðiseftirliti að hafa frumkvæði að verndun vatns á svæði nefndarinnar og hafa alla þá aðkomu að málefnum sem þörf krefur eða sem kallað verði eftir. Fulltrúi hjá eftirliti hefur setið í starfshópum vegna þessa málaflokks frá því vatnatilskipunin komst á dagskrá fyrir um áratugi síðan. Nefndin hefur einnig verið í samvinnu við stjórnendur, tæknisvið og vatnsveitur þeirra bæjarfélaga sem standa að nefndinni, þ.e. Hafnarfjörð, Garðabæ og Kópavog og fulltrúa frá öðrum heilbrigðisnefndum á höfuðborgarsvæðinu. Almenn ríkir í þessum bæjarfélögum skilningur á mikilvægi þessa málaflokks eða verkefni. Það efast enginn um mikilvægi þess að gæta að heilnæmi vatnsins í okkar umhverfi. En mörg sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og heilbrigðisnefndir hafa haft um nokkurn tíma, ákveðna fyrirvara við nálgun Umhverfisstofnunar. Ábendingum þessa efnis hefur verið komið á framfæri við stofnunina en engin viðbrögð hafa borist. Umsögn þessi tekur mið af ofan sögðu en einnig skal minnt á að forsenda árangurs er að sátt ríki um aðferðarfræðina.

#### Ábendingar.

1. Vatnaáætlunin flokkar vatn í eftirtalda flokka; straumvatn, stöðuvatn, strandsjó, árósvatn og grunnvatn.

Mat HHK er að það vantar einn flokk í ofangreinda upptalningu og þá einkum þegar kemur til aðgerðar- og vöktunaráætlana. Það er flokkurinn yfirborðsvatn í þéttbýli. Það er



eigindamunur á milli lækja og tjarna sem eiga upphaf sitt eða megin rennislísið inni í þéttbýli samanborið við ár, læk og vötn utan þéttbýlis. Álagsþættirnir eru miklu fleiri, dreifðari og torfundnari. Þó lækir og tjarnir séu enn í sínum farvegi þá ættu þau vegna nálægðar við byggð að falla undir sérstaka skilgreiningu. Sú stefna Umhverfisstofnunnar að t.d. Tjörnin í Reykjavík og lækir á borð við Kópavogslæk, sem á upphaf sitt í Breiðholti, og Fossvogslækur sem á upphaf sitt frá nærliggjandi íbúðahverfum skulu hafa sömu umhverfismarkmið til að uppfylla og ár og vötn í íslenskri náttúru gengur ekki. Um þá túlkun verður aldrei sátt.

Stefna bæjarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er að tryggja sem bestu útivistar- og umhverfisgæði í kringum lækir og tjarnir og sem best vistgæði fyrir vatnalíf og fugla. Til þess verja þau árlega miklu fjármunum en hugmyndir um að hægt verði að tryggja hliðstæð vistgæði yfirborðsvatn inn í þéttbýli og í íslenskri náttúru er með öllu óraunhæfar.

## 2. Grunnvatnshlot.

Í drögum að vatnaáætlun segir;

„Lögin taka til nokkurra vatnaflokka; straumvatna, stöðuvatna, strandsjávar, árósvatna og grunnvatns og skal ástand yfirborðsvatns metið út frá vistfræðilegum og efnafræðilegum gæðapáttum. Ástand grunnvatns er metið út frá efnafræðilegum gæðapáttum og magnstöðu.“

Nefndin ítrekar athugasemdir við umfjöllun um grunnvatn í þessari vinnu. Í áætluninni stendur;

„Miðað var við að lágmarksstærð grunnvatnshlota væri 10 km<sup>2</sup> en grunnvatnshlot sem voru minni voru sameinuð aðliggjandi grunnvatnshloti. Komi í ljós álag af völdum mengunar eða annarra þátta getur þurft að skipta viðkomandi grunnvatnshloti upp.“

*Undirstrikun er höfundar.*

Fulltrúar heilbrigðisnefndar, vatnsveitna og forsvarsmanna í röðum bæjarfélaganna hafa reynt að koma eftirfarandi ábendingum til stofnunarinnar. Það skal ítrekað í umsögn þessari.

A. Nánast allt neysluvatn á Íslandi er tekið úr grunnvatnsstraumum. Það er á margan hátt sérstakt og hefur afar gott orðspor. Þá þarf óviða að meðhöndla það fyrir neyslu. Grunnvatnið er vel varðveitt auðlind. Það er sérkennilegt og þarf skýringar við, hvers vegna umfjöllun um það er jafn rýr og raun ber vitni í vatnaáætlun.

B. Gagnrýni er varðar flokkun grunnvatns á höfuðborgarsvæðinu er ítrekað komið á framfæri. Núverandi flokkun er villandi, getur reynt skaðleg og byggir ekki á nægjanlega sterkum grunni.

Að láta t.d. sama grunnvatnshlotið ná til brunn-, grann- og fjarsvæða vatnsbóla og síðan einnig til stærsta þungaiðnaðarsvæði landsins er ekki ásættanlegt frá neinum sjónarmiðum. Það eykur ekki á trúveruleika þessarar vinnu ef ekki fást leiðréttingar á jafn augljósum ágöllum.

C. Nafngiftir á grunnvatnsstraumum er a.m.k. óheppilegar þar sem þau skarast illa við eldri heimildir og rit.

F.h. Heilbrigðisnefndar  
  
 Páll Stefánsson  
 Deildarstjóri

## Svör Umhverfisstofnunar við umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Heilbrigðisnefndir, fagnefndir, vatnasvæðanefndir og fagstofnanir eru lykilaðilar í innleiðingu vatnaáætlunar. Mikið samráð er falið í lögum um stjórn vatnamála og bæði hefur Umhverfisstofnun haft samráð við ýmsa aðila á mismunandi stigum málsins og aðilar haft tök á að koma með ábendingar, upplýsingar og athugasemdir. Nánari lýsing á samráði er að finna í kafla 1.4 í vatnaáætlun.

Umhverfisstofnun tekur athugasemdir HHK til greina og mun skoða hvornig hægt verður að styrkja samráð og samstarf við hagsmunaaðila í næsta vatnahring.

Umhverfisstofnun getur ekki orðið við því að skilgreina nýjan flokk vatns, þ.e. vatnshlot í þéttbýli. Við innleiðingu stjórnar vatnamála þarf að fylgja þeim ramma sem lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála setja. Lög um stjórn vatnamála er þannig uppbyggð að einu flokkarnir í því kerfi eru grunnvatn, stöðuvötn, straumvötn, ármynni og sjór. Aftur á móti gera lög um stjórn vatnamála ráð fyrir því að í vissum tilvikum sé hægt að gefa undanþágur frá almennum kröfum laganna um ástand vatns ef vatnshlot er undir slíku álagi að ógerlegt eða óhóflega dýrt sé að uppfylla kröfur um umhverfismarkmið (gr. 16). Hægt er að veita fresti til að ná umhverfismarkmiðum einstakra vatnshlota tvisvar sinnum í allt að 6 ár í senn að vissum skilyrðum uppfylltum (15. gr.).

Fram kemur í umsögn HHK að umfjöllun um grunnvatn sé rýr í vatnaáætlun. Umhverfisstofnun bendir á að við gerð fyrstu vatnaáætlunar Íslands var þörf á forgangsöröðun verkefna og var ákveðið að frekari vinna við grunnvatn myndi bíða til næstu vatnahringa. Þó nokkur vinna hefur þó farið fram undanfarin ár hvað varðar grunnvatn og hafa verið unnar nokkrar skýrslur um grunnvatn, sjá kafla 1.3. í vatnaáætlun. Umhverfisstofnun bendir einnig á að settar eru fram nokkrar aðgerðir í aðgerðaáætlun er snúa að grunnvatni t.d. greining og afmörkun á heitu vatni, mati á álagi og hugsanlegri afmörkun vegna þess ásamt greiningu á hlutverki aðila þegar kemur að framkvæmd reglugerða um grunnvatn og neysluvatn.

Umhverfisstofnun hefur þegar tekið til greina athugasemd HHK varðandi núverandi afmörkun vatnshlotsins Straumsvíkurstraums (104-265-G). Í aðgerðaáætlun er sérstök aðgerð (númer A19) er snýr að endurskoðun á afmörkun grunnvatnshlota og þar á meðal á að skoða sérstaklega Straumsvíkurstraum. Gert ráð fyrir að árið 2022 verði stofnaður vinnuhópur á vegum ráðgjafanefndar fagstofnanna og eftirlitsaðila til að útfæra tillögu að slíkri skiptingu. Einnig er gert ráð fyrir því í vöktunaráætlun að fram fari í Straumsvíkurstraumi vöktun skv. starfsleyfum þeirrar starfsemi sem nýta vatn úr vatnshlotinu, þ.e. starfsemi sem annað hvort tekur úr því vatn til neyslu eða notar vatnshlotið til losunar mengandi efna hvort sem er frá punktlosun eða dreifðri losun.

Öllum grunnvatnshlotum voru gefin nöfn um leið og afmörkun þeirra fór fram. Sú verklagsregla var notuð að gefa einkvæmt nafn eftir helstu kennileitum sem til staðar eru innan svæðisins. Það má vera að í einhverjum tilvikum þykji þau nöfn sem gefin voru vatnshlotum vera óheppileg. Sett hefur verið fram aðgerð (númer A17) sem snýr að endurskoðun nafngifta á grunnvatns- og yfirborðsvatnshlotum á árinu 2024. Nafngift Straumsvíkurstraums verður hins vegar endurskoðuð strax á næsta ári um leið og afmörkun grunnvatnshlotsins fer fram.



## 2. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Reykjavíkurborg  
Heilbrigðiseftirlit ReykjavíkurUmhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍKReykjavík, 15. júní 2021  
Tilvísun: 2021020097/25.24

### Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um drög að Vatnaáætlun 2022-2027

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið til umsagnar drög að Vatnaáætlun 2022-2027 og fylgigögn hennar, aðgerðaráætlun, umhverfisskýrslu og vöktunaráætlun. Umhverfisstofnun lagði tillöguna til kynningar með tölvubréfi þann 4. janúar 2021. HER hefur farið yfir gögnin og gerir eftirfarandi umsögn.

HER telur það mjög jákvætt og fagnar því að fram eru komin drög að vatnaáætlun fyrir Ísland sem ætlað er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Mikil og góð vinna hefur farið fram við undirbúning að vatnaáætlun og mikilvægt að stefnumörkun og vinna í málaflokknum sé komin á þetta stig. Að mati HER þarf þó að skerpa á ákveðnum þáttum.

HER telur að fjalla þurfi betur og ítarlegar um grunnvatnshlot í vatnaáætlun. Neysluvatn fyrir stóran hluta þjóðarinnar er sótt í grunnvatn og þarf sjaldnast að meðhöndla það fyrir neyslu. Mikilvægi þess að vernda þau vatnshlot og aðrennslissvæði þeirra er því mikið. Þó ástand sé gott nú steðja margar hættur að grunnvatnshlotum s.s. á höfuðborgarsvæðinu þar sem aukin uppbygging og umsvif eru í og við þau og aðrennslissvæði. Þörf er á markvissri stefnu í að halda vatnsgæðum grunnvatnshlota óskertum. Þá gerir HER athugasemdir við skilgreiningu grunnvatnshlota á höfuðborgarsvæðinu en nú er stór hluti svæðisins flokkaður sem eitt stórt grunnvatnshlot sem kennt er við Straumsvík. Mikil og góð gögn liggja fyrir um grunnvatnsstrauma og vatnasvið á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og telur HER að skipta þurfi svæðinu upp í samræmi við þau gögn og miða nafngift við þau heiti sem eru á svæðunum og nú eru notuð. Framkvæmdastjórn um vatnsvernd og heilbrigðiseftirlitin á höfuðborgarsvæðinu búa yfir mikilli þekkingu á svæðunum og ættu að koma að ákvörðun skiptingar. Þá er hægt að vinna markvisst með hvert vatnshlot fyrir sig en eins og nú er þarf að fara í vinnu við að skipta stóra Straumsvíkurvatnshlotinu upp ef vandamála verður vart á hluta að því. Þar sem það nær bæði yfir iðnaðar- og þéttbýlissvæði auk vatnsverndarsvæða er ljóst að mjög mismunandi áskoranir og aðstæður eru fyrir hendi innan þessa stóra svæðis. HER hvetur til þess að endurskoðun á skiptingu grunnvatnshlota fari fram og umfjöllun um þau bætt í vatnaáætlun svo unnt sé að vinna vel og faglega að verndun þeirra.

Að mati HER ætti að flokka yfirborðsvatn sem er að mestu eða öllu leyti í þéttbýli í sérflokk. Oft er um að ræða afrennslisvatn af þökum og plönnum sem rennur á yfirborði og því erfitt að gera sambærilegar kröfur og úti í náttúrunni. Tjörnin í Reykjavík er flokkuð sem stöðuvatn í vatnaáætlun en skv. kafla 2.1.1 um straum- og stöðuvötn er miðað við að vatnshlotin þurfi að vera meira en 0,5 km<sup>2</sup> að flatarmáli en flatarmál Tjarnarinnar er einungis 0.14 ferkílómetrar og fellur því ekki undir þá stærðarskilgreiningu. Rökkin fyrir flokkun hennar sem stöðuvatn eru sögð vera vegna álags á vatnshlotið. HER telur að frekar ætti að flokka Tjörnina sem




**Reykjavíkurborg**

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

yfirborðsvatn í þéttbýli eða sem mikið breytt eða manngert vatnshlot. Vegna staðsetningar sinnar í miðju stærsta þéttbýliskjarna landsins hefur hún verið undir miklu álagi í meira en öld. Legið hefur fyrir í langan tíma að botnset hennar er mjög mengað og sýndu rannsóknir við flokkun hennar árið 2007 að svo var og forgangsefnasýnatökur 2019 staðfesta það einnig. Það að bæta vatnsgæði Tjarnarinnar er verðugt markmið og tekur HER heilshugar undir það en telur óraunhæft að unnt sé að ná Tjörninni upp í gott efnafræðilegt ástand á 5 árum. Fullkomin hreinsun á botnseti væri mjög kostnaðarsöm aðgerð sem auk þess myndi eyða því lífríki sem þar er til staðar. Í kafla 3.4 í vatnaáætlun segir: " *Fresti til að ná umhverfismarkmiðum má veita tvisvar sinnum svo lengi sem ástand vatnshlotsins versnar ekki og þarf eitt þriggja eftirtalinnna atriða að eiga við: 1) ekki er hægt að bæta úr vegna tæknilegra ástæðna, 2) kostnaður yrði óhóflegur eða 3) fyrir hendi eru náttúrulegar aðstæður sem leiða til þess að innan tímamarka eru aðgerðir ekki framkvæmanlegar.* ". HER telur öll þessi þrjú atriði eiga við um Tjörnina og að fyrirsjáanlegt sé að ekki sé unnt að ná henni í gott efnafræðilegt ástand þó fengnir séu tveir frestir. Auk uppsafnaðs fortíðarvanda er fyrirséð að álag á Tjörnina mun aukast á næstu árum vegna þéttingar byggðar á vatnasviði hennar. Í ljósi framangreinds leggur HER til að Tjörninn verði tekin út af vöktunar- og aðgerðaráætlun og flokkun hennar sem stöðuvatns verði breytt. Eftir sem áður verður unnið að því að koma í veg fyrir mengun og bæta ástand hennar en innan raunhæfs tímaramma og kostnaðar, miðað við að um mikið breytt og manngert vatnshlot er að ræða.

HER vill benda á að sveitarfélög í landinu, heilbrigðisnefndir og vatnsveitur búa yfir mikilli þekkingu og reynslu sem snýr að vatnsgæðum og telur að betur hefði mátt nýta hana við vinnslu áætlunarinnar. Hvetur HER til þess að aukið samráð verði aukið við áframhaldandi vinnu við áætlunina.

Að lokum vill HER taka undir umsögn Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um áætlunina.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur





Svava S. Steinarsson  
Heilbrigðisfulltrúi

Helgi Guðjónsson  
Heilbrigðisfulltrúi

## Svör Umhverfisstofnunar við umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Við innleiðingu vatnatilskipunar er unnið eftir þeim ramma sem regluverkið setur og stuðst er við leiðbeiningarskjöl sérfræðingahópa sem hafa verið útbúin við innleiðingu tilskipunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir því að vatnshlot sem eru tengd þéttbýlum séu meðhöndluð á einhvern hátt öðruvísi eða flokkuð á annan hátt, enda væri slíkt í andstöðu við markmið tilskipunarinnar sem er að vernda vatn og bæta ástand þess ef það nær ekki umhverfismarkmiðum sínum. Markmið laganna er ekki síður að vernda fólk með því að stuðla að heilnæmu umhverfi.

Í umsögn HER er bent á að umfjöllun um grunnvatn sé rýr í vatnaáætlun. Umhverfisstofnun bendir á að við gerð fyrstu vatnaáætlunar Íslands var þörf á forgangs röðun verkefna og var ákveðið að frekari vinna við grunnvatn myndi bíða til næstu vatnahringa. Þó nokkur vinna hefur þó farið fram undanfarin ár hvað varðar grunnvatn og hafa verið unnar nokkrar skýrslur um grunnvatn, sjá kafla 1.3. í vatnaáætlun. Umhverfisstofnun bendir einnig á að settar eru fram nokkrar aðgerðir í aðgerðaáætlun er snúa að grunnvatni t.d. greining og afmörkun á heitu vatni, mati á álagi og hugsanlegri afmörkun vegna þess ásamt greiningu á hlutverki aðila þegar kemur að framkvæmd reglugerða um grunnvatn og neysluvatn.

Umhverfisstofnun bendir á varðandi skilgreiningu Tjarnarinnar sem vatnshlots þá er almenna vinnureglan sú að afmarka eingöngu vatnshlot  $\geq 0,5\text{km}^2$  til að draga mörkin. Það er jafnframt vinnuregla að ef álag er á vatn undir þessum stærðarviðmiðum skal vatnið afmarkað sem vatnshlot, eins og er tilfellið með Tjörnina í Reykjavík.

Ákveðin aðferðarfræði<sup>1</sup> liggur að baki skilgreiningar á mikið breyttum og manngerðum vatnshlotum og þurfa vatnshlot sem hafa verið tilnefnd í þennan hóp að uppfylla ákveðin skilyrði um ástand og það ástand þarf að tengjast vatnsformfræðinni. Öll vatnshlot undir stjórn vatnamála eiga að vera í að minnsta kosti góðu efnafraðilegu ástandi bæði náttúruleg og mikið breytt og manngerð vatnshlot. Efnafraðilegt ástand Tjarnarinnar hefur verið staðfest slæmt með mælingum og hefur vatnsformfræðilegt álag engin áhrif á túlkun þeirra niðurstaðna. Hvort Tjörnin í Reykjavík verði hugsanlega á síðari stigum tilgreind sem mikið breytt vatnshlot mun ekki breyta þeirri kröfu að vatnshlotið eigi að vera í góðu efnafraðilegu ástandi.

Í ljósi umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er varðar mótvægisáðgerðir í tengslum við hreinsun á botnseti þá bendir Umhverfisstofnun á að í aðgerðaáætlun vatnaáætlunar eru engar áðgerðir settar fram. Umhverfisstofnun bendir hinsvegar á að Reykjavíkurborg þarf að gera áætlun sem miðar að því að koma vatnshlotinu í gott ástand.

Ekki er hægt að verða við tillögu HER um að Tjörnin verði tekin út af vöktunar- og aðgerðaráætlun og að hún verði ekki lengur flokkuð sem vatnshlot. Afmarka skal vatn sem er undir álagi og í kjölfar þess hefur Tjörnin síðan verið staðfest í slæmu efnafraðilegu ástandi. Hins vegar bendir Umhverfisstofnun á að hægt er að sækja um undanþágur samkvæmt lögnum að vissum skilyrðum uppfylltum sjá umfjöllun í kafla 3.4 í vatnaáætlun.

---

<sup>1</sup> Umhverfisstofnun 2020. Fyrstu skref við mat á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum. Bls. 45.



### 3. Umsögn Landmælinga Íslands

## Minnisblað

Dags: 15.6.2021

Til: Umhverfisstofnun

Frá: Landmælingum Íslands

Tilvísun: V202011001

#### Efni: Ábendingar frá Landmælingum Íslands vegna Vatnaáætlunar 2022 – 2027

Landmælingar Íslands starfa eftir lögum um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006 og Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar nr. 44/2011. Lögum er ætlað að tryggja aðgengi að nákvæmum opinberum landupplýsingum en grunngerðarlögin ná til allra opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga.

Landmælingar Íslands vilja sérstaklega benda á að tryggt verði í vinnu við gerð Vatnaáætlunar að allar landupplýsingar sem verða til verði opnar og aðgengilegar öllum bæði til niðurbætur og í vefþjónustum, og að lýsigögn fylgi öllum gögnum.

Þá vill stofnunin benda á að Landmælingar Íslands miðla opinberum landupplýsingum um vatnafar innan svonefnds IS 50V gagnasetts. Þetta heildaryfirlit yfir vatnafar á Íslandi hefur verið uppfært að hluta eftir loftmyndum en hluti gagnanna eru yfir hálfra aldar gömul. Landmælingar Íslands vinna nú að uppfærslu vatnafarsins í mikilli nákvæmni meðal annars með aðstoð nýs hæðarlíkans – [Íslands DEM](#) sem einnig er opið gagnasett. Þá verður vatnafarið áfram uppfært eftir loftmyndum þar sem því er við komið en einnig eftir innrauðum gervitunglagögnum til að tryggja gæði greininga.

Landmælingar Íslands vilja benda á mikilvægi samvinnu við fagstofnanir sem hafa lögbundin hlutverk varðandi vatnamál og vatnafarsgögn. Samvinna um öflun gagna er mikilvæg til að koma í veg fyrir tvíverknað og til að tryggja sem nákvæmastar grunnupplýsingar um vatnafar og votlendi á landinu. Þannig væri gott ef gögn Vatnatilskipunar þ.e. skipting í vatnasvið, vatnshlot og fleira, væru unnin upp úr nákvæmum opinberum vatnafarsgrunni þannig að opinber gögn sem verða til gangi sama hver með öðrum (þetta getur átt við um útlínur ára, stjórnsýslumörk, verndarsvæði, vegi og fl.). Mikilvægt er að öll gögnin séu opin og aðgengileg öllum og litið verði á Vatnaáætlun sem hluta af heildstæðri sýn fyrir vatnafarsupplýsingar á landinu. Verði úr að uppfærð Vatnaáætlun verði unnin á vatnafarsgögn einkaaðila þarf að tryggja aðgengi að þeim grunnögnum fyrir alla enda verður það grunnurinn að vatnafarsstýringu á Íslandi.

Landmælingar Íslands vilja að lokum lýsa yfir ánægju sinni með þessa umfangsmiklu áætlun og með þau grunnöggn sem fyrir séð er að verði til í kringum hana. Skortur á nákvæmum opinberum landupplýsingum hefur lengi verið til staðar á Íslandi og því er mikilvægt að í áætlunum sem þessum sé heildarsýn á að til verði nákvæm opinber grunnöggn sem hægt verður að vinna ofan á og eru öllum aðgengileg. Landmælingar Íslands taka fagnandi þátt í samstarfi um tilurð nákvæms vatnafarsgrunns.

Fh. Landmælinga Íslands

Eydís Línal Finnbogadóttir, forstjóri.

## Svör Umhverfisstofnunar við umsögn Landmælinga Íslands

Umhverfisstofnun þiggur með ánægju boð Landmælinga um samstarf í því skyni að stuðla að tilurð nákvæms vatnafarsgrunns. Ætlunin er að allar landupplýsingar verði opnar og aðgengilegar öllum bæði til niðurbætur og í vefþjónustum auk þess sem lýsigögn fylgi öllum gögnum. Þetta á bæði við um opinber gögn, s.s. þau sem verða til við gerð vatnaáætlana og mögulega gögn sem fengin eru frá einkaaðilum. Tryggja þarf þá vinnu í samvinnu við Veðurstofu Íslands og Landmælingar Íslands. Einnig er stefnt að því að gögn vatnatilskipunar verði unnin upp úr nákvæmum opinberum vatnafarssgrunni og að þau samræmist öðrum opinberum gögnum.

## 4. Umsögn Landsvirkjunar

 Landsvirkjun

1/2

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík  
ust@ust.is

Reykjavík, 15.06.2021  
E-2021-245/07.02.05

### Efni: Umsögn Landsvirkjunar um vatnaáætlun

Landsvirkjun vísar til umsagnarbeiðni á vef Umhverfisstofnunar og vefsvæði vatnaáætlunar, vatn.is. Um mikilvægt málefni er að ræða sem snertir bæði núverandi og komandi kynslóðir en Landsvirkjun þakkar tækifærið til umsagnar.

Vatnaáætlun samanstendur af 1) vatnaáætlun þar sem fram kemur stefna stjórnvalda, 2) aðgerðaáætlun og 3) vöktunaráætlun. Fram kemur að með setningu laga um stjórn vatnamála er sett á fót nýtt stjórnkerfi sem miðar að verndun íslenskrar vatnsauðlindar til framtíðar. Hið nýja stjórnkerfi felur í sér heildstæða og samræmda stjórn vatnamála, rannsóknir og vöktun sem byggir á samvinnu stjórnvalda, stofnana, ráðgjafa, sveitarfélaga, hagsmunaaðila og almennings.

Undirbúningsferli vatnaáætlunar er búið að vera lengi í gangi enda mikilvægt að vanda til verka. Þegar er búið að innleiða vatnaáætlun í þeim löndum sem við erum helst að miða okkur við, t.d. í Noregi, Skotlandi, Finnlandi og Svíþjóð. Landsvirkjun bendir á þessa staðreynd og telur mikilvægt að nota tækifærið og læra af innleiðingarferli í þeim löndum við áframhaldandi vinnu vatnaáætlunar.

Landsvirkjun minnir á í þessu samhengi að endurnýjanleg orkuvinnsla á Íslandi er ein af grunnstoðum samfélagsins og forsenda þess að íslenskt samfélag uppfylli skuldbindingar sínar og markmið í loftslagsmálum. Mikilvægt er að vatnaáætlun styðji við áframhaldandi sjálfbæra orkuvinnslu og starfsumhverfi orkufyrirtækja þar sem áhersla er á sjálfbæra og ábyrga orkuvinnslu.

Sértækar athugasemdir

Í kafla 9 í vatnaáætlun er fjallað um manngerð og mikið breytt vatnshlot. Þar er í töflu 14 yfirlit yfir virkjanir stærri en 10 MW að uppsettu afli, auk virkjana sem nýta sama straumvatn og samanlagt afl þeirra er 10 MW eða meira. Landsvirkjun bendir á að uppsett afl í töflu 14 er í flestum tilfellum rangt fyrir virkjanir Landsvirkjunar. Uppsetta aflið virðist í einhverjum tilfellum vera samkvæmt virkjunarleyfi og í öðrum tilfellum er erfitt að sjá hvaðan tölur eru fengnar. Landsvirkjun mælist til þess að notaðar verði þær tölur sem fram koma í töflunni hér að neðan sem byggja á uppsettu afli. Þess ber þó að geta að í sumar mun eiga sér stað aftaukning í Sultartangastöð þar sem afl stöðvarinnar breytist úr 125 MW í 133 MW.



Blönduvirkjun 150 MW	Ljósafoos 16 MW
Vatnsfell 90 MW	Írafoss 48 MW
Sigalda 150 MW	Steingrímsstöð 27 MW
Hrauneyjafossvirkjun 210 MW	Laxá I 5 MW
Búðarháls 95 MW	Laxá II 9 MW
Sultartangi 125 MW	Laxá III 13,5 MW
Búrfell 270 MW	Fljótsdalsstöð 690 MW
Búrfell II 100 MW	

Í aðgerðaráætlun kemur fram í kafla 2.6 að 1) endurskoðun virkjana- og/eða nýtingarleyfa á vegum Orkustofnunar (aðgerð sett fram með fyrirvara) fari fram á tímabilinu 2022-2028, 2) starfsleyfa og vöktunaráætlana á vegum Umhverfisstofnunar á tímabilinu 2020-2027 og 3) leyfa á vegum heilbrigðisnefnda á tímabilinu 2022-2027, sjá töflu 6 í kafla 2.6. Landsvirkjun tekur undir mikilvægi þess að við halda mjög góðu eða góðu ástandi vatnshlota en bendir á að stýring lóna og annarra virkjunarmannvirkja er afar mikilvægur þáttur í orkuvinnslu. Reynsla í Noregi sýnir fram á mikilvægi á samráði við hagsmunadila alveg frá byrjun, en vinda þurfti ofan af þýngjandi hömlum í rekstri vatnsafsvirkjana í innleiðingarferli vatnaáætlunar í Noregi. Einnig er rétt að benda á að með innleiðingu vatnaáætlunar í Noregi hefur rammaáætlun þeirra um nýtingu virkjunarkosta verið lögð til hliðar, en vatnaáætlun og aðrir leyfisferlar tekið við. Landvirkjun leggur áherslu á að komu fyrirtækisins að endurskoðun leyfa og vöktunaráætlana er varða fyrirtækið.

Þá vill Landsvirkjun benda á að samkvæmt vatnavefsjá virðist vera ósamræmi í því hvernig straumvatnshlot ofan efstu lóna Landsvirkjunar á hverju vatnasviði eru flokkuð. Ofan Hágöngulóns, Krókslóns, Ufsarlóns og Kelduárlóns eru viðkomandi straumvatnshlot flokkuð sem mikið breytt náttúruleg vatnshlot frá lóni upp að jökli. Ofan Blöndulóns, Þjórsárlóns, Grjótárlóns og Sauðárvatns eru viðkomandi straumvatnshlot ekki flokkuð sem mikið breytt náttúruleg vatnshlot. Ekki er augljóst hvað ræður þessum mun.

Að lokum þakkar Landsvirkjun fyrir góða upplýsingagjöf og samvinnu við vinnslu fyrstu vatnaáætlunar landsins og hlakkar til áframhaldandi góðrar samvinnu í málaflökknum.

Virðingarfyllt,



**Kristín Linda Árnadóttir**  
aðstoðarforstjóri

## Svör Umhverfisstofnunar við umsögn Landsvirkjunar

Við gerð einstaka þátta vatnaáætlunar fylgir Umhverfisstofnun leiðbeiningum Evrópusambandsins eins og við á hverju sinni. Umhverfisstofnun tekur undir með Landsvirkjun að eðlilegt er að líta til útfærslu annarra ríkja á sömu leiðbeiningum. Við vinnu við gerð vatnaáætlunar hefur m.a. sambærileg vinna í Noregi, Skotlandi og Írlandi í mismiklu mæli verið höfð til hliðsjónar, sem og frá öðrum löndum. Umhverfisstofnun tekur einnig undir þá skoðun Landsvirkjunar að æskilegt sé að styðja við sjálfbæra orkuvinnslu.

Í umsögn sinni bendir Landsvirkjun á að rangar tölur séu í vatnaáætlun fyrir uppsett afl sumra virkjana fyrirtækisins. Umhverfisstofnun mun koma athugasemd Landsvirkjunar á framfæri við skýrsluhöfunda skýrslu um Mat á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum og hefur fjarlægt töfluna úr vatnaáætlun enda ekki efnislega mikilvægt fyrir áætlunina sjálfa að hún innihaldi tölur um afl virkjana.

Umhverfisstofnun mun leita eftir samtali vegna ákvæða sem til greina kemur að taka upp í starfsleyfiorkufyrirtækja, m.a. hvað varðar vöktunarkröfur. Bent er á í því tilliti að starfsleyfisútgefandi er viðkomandi heilbrigðisnefnd en Umhverfisstofnun vinnur nú að leiðbeiningum þar sem fram munu koma leiðbeiningar um þau atriði sem horfa þar til m.a. við gerð vöktunaráætlana.

Umhverfisstofnun þakkar ábendingar varðandi Vatnavefsja, en vefsjaín er enn í mótun og unnið er að því að uppfæra hana reglulega. Gott er að fá ábendingar um það sem þar má betur fara. Munu þessi atriði sem nefnd eru í umsögn Landsvirkjunar verða skoðuð og leiðrétt þar sem það á við.



## 5. Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur



Reykjavík, 14. júní 2021  
/HB,HS, MM,ST

Umhverfisstofnun,  
Suðurlandsbraut 24,  
108 Reykjavík

### **Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga um Vatnaáætlun fyrir Ísland 2022- 2027. Drög til kynningar.**

Orkuveita Reykjavíkur ásamt dótturfélögum (OR) hafa rýnt tillögu að *Vatnaáætlun fyrir Ísland 2022 – 2027. Drög til kynningar* m.t.t. innviða og reksturs fyrirtækisins.

Veitur, dótturfélag OR, reka vatnsveitur í Reykjavík, Úthlíð, Stykkishólmi, Grundarfirði, Borgarbyggð og á Akranesi, auk þess að selja neysluvatn til Seltjarnarness og Mosfellsbæjar og reka dreifkerfi vatnsveitu á Álftanesi. Enn fremur reka Veitur dreifikerfi vatnsveitu, hitaveitu og rafmagns auk safnkerfis fráveitu í Reykjavík og að hluta sambærileg kerfi í öðrum sveitarfélögum á Suður- og Vesturlandi.

Orka náttúrunnar (ON), dótturfélag OR, rekur vatnsból í Grámel við Nesjavelli og í Engidal við Hellisheiði. Vatn úr vatnsbólum ON er að stærstum hluta nýtt til heitavatsframleiðslu en einnig til annars virkjanareksturs, í ferlum í jarðhitagarði ON á Hellisheiði og sem neysluvatn á svæðunum. ON rekur einnig vatnsaflsvirkjun í Andakílsá í Borgarfirði.

### **Mikilvægi samvinnu milli eftirlits-, greiningar- og rekstraraðila**

Neysluvatnsauðlindin og velferð vatnavistkerfa er OR samstæðunni hugleikin og mikilvægt að gæði og forði séu tryggð til allrar framtíðar. OR stundar umfangsmiklar mælingar og eftirlit með auðlindunum sem samstæðan nýtir og umhverfisáhrifum af nýtingu þeirra til að tryggja öruggan rekstur og góða forðastöðu til framtíðar. Þessar mælingar innihalda m.a. rennslis-, vatnsgæða- og vatnsstöðumælingar. Enn fremur er vöktun og ástandsgreining stór hluti af rekstri veitukerfanna. Innan fyrirtækisins býr yfirgripsmikil þekking á vöktun og nýtingu vatns. OR vill leggja áherslu á mikilvægi samvinnu milli eftirlits-, greiningar- og rekstraraðila varðandi útfærslu aðgerða og samræmingu við söfnun, kynningu og skil gagna. Samvinna milli þessara aðila mun auka skilvirkni og draga úr tvíverknaði og um leið bæta aðgengi að öllum þeim gögnum sem safnað er. Mikilvægt er að skýrt sé hvaða gögnum skuli skila inn í gagnagrunn, sem rætt er um að búið sé að setja upp, þar sem eftirlitsgögn eru víða mjög umfangsmikil, og ýmist safnað samkvæmt formlegum kröfum eða að frumkvæði aðila á borð við OR.

OR vill benda á að álag á vatn getur stafað frá annarri starfsemi en eftirlitsskyldum aðilum, til dæmis frá umferð ökutækja og vegna vegagerðar. Mikilvægt er að vatnsgæðum sé tryggð vernd óháð uppsprettu álagsins.

### **Athugasemdir varðandi umfjöllun um kalt og heitt grunnvatn**

OR er ljóst að unnið verður nánar með greiningar á grunnvatni í næsta vatnahring. Óskað er eftir samráði við þá vinnu og býður OR fram upplýsingar um það eftirlit (bæði efnafræði- og magnstöðueftirlit) sem þegar á sér stað á vinnslusvæðum þar sem samstæðan nýtir grunnvatn. OR fagnar því og leggur áherslu á að mikilvægt sé að nýta þá vöktun sem þegar er í gangi samkvæmt leyfum. Skuli þær kröfur sem stjórn vatnamála



gerir varðandi eftirlit vera umfram núverandi eftirlit er sérstaklega lögð áhersla á samráð við mögulega innleiðingu þeirra. OR ítrekar að vel verði staðið að gagnaöflun og skráningu til að hafa ferlið sem skilvirkast.

OR samstæðan sinnir umfangsmiklu eftirliti með vatnsborðsstöðu grunnvatns á vinnslusvæðum sínum. Til dæmis hefur yfir 100 þrýstiskynjurum verið komið fyrir í borholum á Hengils- og Heiðmerkursvæðinu á undanföllum fimm árum til að auka vöktun á grunnvatnsstöðu. Þessi gögn eru nýtt til kvörðunar á grunnvatnslíkani sem verkfræðistofan Vatnaskil uppfærir árlega og eru þau einnig send á Veðurstofu Íslands.

Veðurstofa Íslands rekur siritandi mæla fyrir ON sem vakta vatnshæð í Skorradalsvatni og rennsli í Andakilsá, mælingar eru aðgengilegar á vef Veðurstofunnar. Einnig rekur Veðurstofan innstreymslíkan fyrir ON fyrir vatnsvið Skorradalsvatns og Andakilsár sem nýtt er til keyrslu Andakilsárvirkjunar. Hafrannsóknastofnun Íslands vaktar árlega eðlis-, efna- og líffræðilega þætti Andakilsár og gefur út framvinduskýrslur sem ON getur að sjálfsögðu veitt aðgang að.

OR óskar einnig eftir samráði í fyrirhugaðri vinnu tengdri innleiðingu á umfjöllun um heitt grunnvatn í vatnaáætlun. OR minnir í því sambandi á mikilvægi nýtingar jarðhita, sérstaklega vegna hitaveitu og hve mikilvægt er að vatnaáætlun styðji við starfsumhverfi þeirra fyrirtækja sem nýta auðlindina með sjálfbærum hætti til framtíðar.

#### **Athugasemdir varðandi hreinsun og meðhöndlun ofanvatns**

Stór hluti mengunar í vatnshlot í þéttbýli berst með ofanvatni frá mengunaruppsprettum á borð við umferð og atvinnustarfsemi. Skilgreining á ofanvatni sem mengunarmiðli er ekki til og ekki er skýrt regluverk varðandi meðhöndlun ofanvatns og stýringu mengunar frá dreifðum uppsprettum á borð við vegi, lóðir o.s.frv. Mengun sem berst í ár, vötn og sjó er yfirleitt frá fleiri en einum mengunarvaldi og mikilvægt að nálgast lausn bæði frá punktlosun, en einnig dreifðri mengun frá yfirborði. Enn fremur er mikilvægi að beina aðgerðum að upptökum mengunar.

Brýnt er að það sé til skýrt regluverk varðandi kröfur á hreinsun og meðhöndlun ofanvatns og enn fremur ábyrgðarskiptingu í þeim málum. Þar undir fellur ábyrgð og hlutverk sveitarfélaga, notenda á landi og veitufyrirtækja.

#### **Umfjöllun um áhrif loftslagsbreytinga**

OR styður að áhrifum loftslagsbreytinga á vatnaáætlun verði gerð frekari skil í næsta vatnahring. Í aðgerðaráætlun er mikilvægt að fjallað verði um flóðahættu, viðbrögð og stýringu vegna loftslagsbreytinga. Mengun vegna ofsarigninga getur til dæmis haft áhrif á gæði og magn vatnshlota.

Einnig er brýnt að tekið sé á ábyrgð aðila varðandi stýringu á flóðaahættu, forvörum og viðbrögðum. Mikilvægt er að fyrir liggja hver eigi að taka frumkvæði að greiningu á slíkri áhættu og stýra henni. Flóðatilskipun Evrópusambandsins væri gagnleg í því sambandi.

OR bendir á að orku- og veitustarfsemi hafa verið og verða áfram lykill að því að íslenskt samfélag uppfylli skuldbindingar sínar og markmið í loftslagsmálum. Mikilvægt er að vatnaáætlun styðji við starfsumhverfi þeirra fyrirtækja sem nýta orku- og veituaútlindir með sjálfbærum og ábyrgum hætti til framtíðar.

#### **Eftirlit við Nesjhraun**

Nesjhraun er skv. álagsgreiningu metið í óvissu um álag vegna efnamengunar úr affallsvatni Nesjavallavirkjunar og vegna hitaáhrifa þess. OR er sammála þessari flokkun en vill koma á framfæri upplýsingum um þær rannsóknir sem eru í gangi og eru



fyrirhugaðar með það að markmiði að draga úr varmamengun. Lagt er til að eftirfarandi setningu verði bætt við í reitinn „Uppfærð gögn um álag og rannsóknir“ fyrir Nesjahraun í töflu 11 í drögum að Vatnaáætlun:

*„Verið er að vinna að breytingum á tilhögun niurdælingarveitu með það að markmiði að draga úr varma- og efnamengun vegna jarðvarmavinnslunnar á Nesjavöllum. Fyrirhugað er að bora djúpa niurdælingarholu á svæðinu árið 2021 til þess að minnka blöndun jarðhitavatns við grunnvatn. Árangurinn af þeirri borun verður í framhaldinu metinn og ákvarðanir teknar um næstu skref.“*

OR vill einnig nýta tækifærið og lýsa stuttlega því eftirliti sem þegar fer fram á svæðinu og gæti nýst í vinnu vatnaáætlunar.

Skv. viðmiði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skal fara í reglubundna sýnatöku neysluvatns á Helliðshelði og Nesjavöllum einu sinni á ári og gera heildarúttekt á sjö ára fresti. OR hefur hins vegar beðið um að gerð sé heildarúttekt neysluvatns einu sinni á ári á báðum stöðum til þess að fylgjast betur með breytingum á efnasamsetningu og einnig að farið sé örar í reglubundið eftirlit (örverumælingar). Niðurstöður úr heildarúttekt hafa sýnt að vatnið stenst neysluvatnsreglugerð og er styrkur mengunarefna undir gildandi umhverfisgæðakröfum. Til viðbótar eftirliti heilbrigðiseftirlitsins á Nesjavöllum fara fram sýnatökur víða á svæðinu við Nesjavelli og Þingvallavatn tvisvar á ári til að fylgjast með áhrifum niurdælingar heits vatns á efra grunnvatnskerfi á svæðinu. Í þessum sýnatökum er mældur hiti, leiðni, sýrustig og helstu aðalefni greind. Síritar sem mæla hæð grunnvatnsborðs og hita eru í fjölda borholna í hrauninu og einnig eru hitasíritar í gjám við Þingvallavatn. Upptekt, hiti og vatnsborð í vinnsluholum grunnvatns í Grámel er einnig skráð.

Í vöktunaráætlun Vatnaáætlunar er miðað við að aðgerðavöktun fyrir grunnvatnshlot sem eiga á hættu að ná ekki umhverfismarkmiðum fari fram að lágmarki einu sinni á ári. Hér að ofan var gerð grein fyrir þeirri vöktun sem þegar er til staðar. OR getur að sjálfsögðu veitt aðgang að þessum gögnum í tengslum við framfylgni vatnaáætlunar og rætt eftirlitið frekar í áframhaldandi samráði í tengslum við áætlunina.

#### Næstu skref

OR samstæðan fagnar því mikilvæga skrefi sem hefur verið tekið með kynningu á tillögu að fyrstu vatnaáætlun fyrir Ísland og þeirri metnaðarfullu vinnu sem hefur verið unnin til að framfylgja lögum um stjórn vatnamála, stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og tryggja langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

OR lýsir sig reiðubúna til að taka þátt í samráði og samvinnu við nánari útfærslu á áætluninni og sérstaklega á þeim þáttum sem fjallað er um hér að ofan og vinnu við nánari greiningu á grunnvatni í næsta vatnahring. Samráð við rekstrar- og greiningaraðila og skýrt verklag er mikilvægur þáttur í framfylgd áætlunarinnar og væri æskilegt að áform um tilhögun slíks samráðs liggi fyrir sem fyrst.

Virðingarfyllt,



Afrit: Samorka





## Svör Umhverfisstofnunar við umsögn Orkuveitu Reykjavíkur

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi samvinnu við alla þá hlutaðeigandi aðila sem búa yfir þekkingu sem getur nýst við gerð vatnaáætlunar, vöktunaráætlunar og aðgerðaáætlunar. Þrátt fyrir að löggjafinn hafi með ráðgjafarnefndunum tryggt stofnuninni aðgang að sérfræðingum fagstofnana, eftirlitsaðila og hagsmunaaðila verður alltaf tilefni til frekara samstarfs að mati Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun þakkar fyrir áhuga á auknu samstarfi og mun leita eftir slíkri samvinnu m.a. varðandi frekari vinnu við grunnvatn (heitt og kalt) sem og vegna fráveitu og hreinsun ofanvatns þegar þar að kemur. Unnið verður frekar með alla þessa þætti skv. vatnaáætlun og er alveg ljóst að góð samvinna við OR er afar mikilvæg við að m.a. útfæra aðferðir við vöktun og að tryggja að aðferðir t.d. vöktunar skv. stjórn vatnamála verði samþætta starfsleyfum aðila er nýta vatn. Gögn og reynsla ykkar mun nýtast vel í þá vinnu.

Umhverfisstofnun bendir á að settar eru fram nokkrar aðgerðir í aðgerðaáætlun er snúa að grunnvatni t.d. greining og afmörkun á heitu vatni, mati á álagi og hugsanlegri afmörkun vegna þess ásamt greiningu á hlutverki aðila þegar kemur að framkvæmd reglugerða um grunnvatn og neysluvatn. Þá eru einnig settar fram aðgerðir er snúa að úrbótum í hreinsun á fráveituvatni og samþættingu á starfsleyfum fráveitna.

Umhverfisstofnun bendir á að það munu aðallega verða vöktunargögn sem færð verða reglulega inn í gagnagrunn í tengslum við ástandsflokkun á vatnshlotum. Gert er ráð fyrir að þeir sem annast vöktun skv. lögum um stjórn vatnamála skili gögnum í gagnagrunninn en ekki er gert ráð fyrir að í hann fari önnur gögn en þau sem nauðsynleg eru vegna stjórnar vatnamála. Útfærsla þessa gagnagrunns liggur ekki alveg fyrir á þessari stundu en það mun skýrast á næstu misserum í tengslum við áframhaldandi innleiðingu. Engu að síður kann Umhverfisstofnun í einhverjum tilvikum að hafa not fyrir upplýsingar á grundvelli eftirlitsgagna fyrirtækisins og er gott að vita að þau séu til reiðu.

Umhverfisstofnun tekur undir það að skortur er á skýrum ákvæðum í lögum um hreinsun á ofanvatni og á meðan svo er, er mikilvægt að vinna markvisst að því að tryggja gott samstarf milli ólíkra aðila við verndun vatns og að vinna með vatn og álag á það í víðu samhengi. Í tengslum við það er mikilvægt að finna uppsprettur mengunar óháð því hvaðan hún kemur. Umhverfisstofnun verður með fræðslutengdar aðgerðir næstu sex árin t.d. varðandi notkun á vörum til þvotta á bílum og plöntuverndarvörur auk möguleika á almennri fræðslu sem væri ákjósanlegt að fá OR til samvinnu um.

Flóðatilskipunin hefur ekki verið tekin inn í EES- samninginn og því ekki innleidd á Íslandi. Þrátt fyrir það væri hægt að horfa til ákvæða hennar þegar kemur að því að samþætta loftslagsáhrif við vatnaáætlun og möguleg áhrif aðgerða á loftslag.

Umhverfisstofnun þakkar fyrir ábendingu OR varðandi upplýsingar og rannsóknir fyrir Nesjahraun og hefur uppfært vatnaáætlun í samræmi við það.

## 6. Umsögn Samorku

# SAMORKA

*Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforku- framleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku*

Reykjavík, 15. júní 2021

**Umhverfisstofnun - Stjórn vatnamála**  
**Suðurlandsbraut 24**  
**108 Reykjavík**

### Umsögn Samorku um fyrstu vatnaáætlun Íslands 2022-2027

Með vísan í umsagnarbeiðni um vatnaáætlun Íslands 2022-2027 á vef Umhverfisstofnunar og vefsvæði vatnaáætlunar, þá veita samtökin hér umsögn sína.

#### Inngangsorð

Vatnaáætlun felur í sér stefnumörkunum vatnsvernd og er hluti af henni áætlun um aðgerðir sem eiga að tryggja gott ástand vatns og vöktunaráætlun þar sem m.a. eru sett fram markmið um samræmda vöktun vatns um allt land. Samorka fagnar fram kominni áætlun og þakkar fyrir samstarf við gerð hennar og áframhaldandi vinnu í framtíðinni. Aðildarfyrirtæki Samorku gegna veigamiklu hlutverki í nýtingu og verndun á vatnsauðlindinni og gæta þar viðtækra almannahagsmuna enda er heilnæmt vatn grundvallarforsenda heilbrigðs lífs og okkur öllum lífsmunarsýnlegt. Það er því fagnaðarefni að nýtt stjórnkerfi vatnamála byggir á heildstæðri og samræmdri stjórnun og samvinnu stjórnvalda, stofnana, ráðgjafa, sveitarfélaga, hagsmunaaðila og almennings.

Aðildarfyrirtæki Samorku leggja áherslu á að umgangast vatnsauðlindina af ábyrgð og virðingu og er ríkur þáttur þess að tryggja sjálfbæra nýting hennar þar með talið með vöktun, rannsóknum og mótvægis- aðgerðum þegar það á við. Mikilvægt er byggt sé ofan á það góða starf sem aðildarfyrirtæki Samorku hafa unnið í þessum efnum á öllum sviðum þ.e. í vatnsveitum, fráveitum, hitaveitum og í orkuvinnslu. Í öllum þessum geirum eigum við mjög góðar fyrirmyndir að byggja á og mikilvægt að nýta vottuð gæðafærni fyrirtækjanna í þessu skyni og þar með vottuð innri eftirlitskerfi þeirra. Slíkt er einnig mikilvægt til að lágmarka kostnað og koma í veg fyrir tvíverknað við vöktun og rannsóknir.

Þá leggur Samorka áherslu á að við Íslendingar eigum farsæla sögu að segja við nýtingu vatnsauðlindarinnar við að treysta efnahag okkar og atvinnuuppbyggingu. Slík auðlindanýting felur jafnframt í sér skyldur sem aðildarfyrirtæki okkar hafa lagt sig fram um að rækja og tryggja þannig sjálfbæra og ábyrga nýtingu til langrar framtíðar.

Um leið og margar nýjar áskoranir eru framundan vegna loftslagsvárisinnar eru þar einnig fjölmörg tækifæri sem auðlindanýtingin skapar okkur við að leggja grunn að enn frekara framlagi Íslendinga til loftslagsmála á heimsvísu.

Loks ber að leggja ríka áherslu á að vatnsauðlindin er gríðarlega mikilvægur þáttur í matvælaframleiðslu hvort sem við vinnslu eða ræktun og þar mikil tækifæri til framtíðar litið eins og fjölmörg nýleg dæmi sanna.

Í ofangreindu samhengi ber einnig að leggja áherslu á að í umfjöllun um og innleiðingu á vatnaáætluninni í löndum Evrópusambandsins er sérstaklega fjallað um efnahagslega þýðingu vatnsauðlindarinnar og þá einnig í samhenginu við virði hreins og ómengaðs vatns og þess gífurlega kostnaðar og lýðheilsuvanda sem hlotist getur af mengun vatnsauðlindarinnar.



# SAMORKA

*Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fróveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuframleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku*

Fulltrúar Samorku sitja í ráðgjafanefnd hagsmunaaðila um stjórn vatnamála og hefur sá vettvangur verið afar mikilvægur til að tryggja upplýsingagjöf, samtal og samvinnu við úrvinnslu fyrstu vatnaáætlunar landsins. Einnig hefur farið fram samtal á milli verkefnishóps Umhverfisstofnunar og aðildarfyrirtækjanna beint sem ber að fagna og leggur grunninn að samvinnu við hagaðila og upplýsingamiðlun þeirra fjölmörgu gagna sem til verða í daglegri starfssemi aðildarfyrirtækjanna. Hvetja Samtökin eins og áður segir að þetta góða samtal og samvinna í málaflokknum haldi áfram.

## Orkuvinnsla

Innland orkuvinnsla með endurnýjanlegum orkugjöfum er ein af grunnstoðum samfélagsins og lykillinn að því að íslenskt samfélag uppfylli skuldbindingar sínar og markmið í loftslagsmálum. Við orkuvinnslu með vatnsafl og jarðvarma til raforkuframleiðslu og jarðvarma til hitaveitna og þar með húshitunar, iðnaðar, garðyrkju, lauga o.s.frv. nýta aðildarfyrirtæki Samorku vatnsauðlindina á fjölbættan hátt og leggja um leið áherslu á nýtingin byggi á bestu fánlegu tækni og þekkingu á hverju tíma.

Mikilvægt er að vatnaáætlun styðji við áframhaldandi sjálfbæra orkuvinnslu og starfsumhverfi orkufyrirtækjanna þar sem áhersla er á sjálfbæra og ábyrga auðlindanýtingu.

## Vatnsaflsvirkjanir

Samorka leggur áherslu á að í aðgerðinni **álagsgreining fyrir mikið breytt vatnshlot** og þar sem vatnsfomfræðilegir gæðapættir eru skilgreindir að horft sé til þess þjóðhags- og samfélagslega mikilvæga hlutverks sem vatnsaflsvirkjanir gegna, en um 70% raforkuvinnslu landsins nýtir vatnsafl. Í ljósi þess vill Samorka benda á að í Noregi voru í fyrstu umferð skilgreind umhverfismarkmið sem hefðu skv. greiningu [Multiconsult](#) í Noregi, haft afleiðar afleiðingar í för með sér hvað varðar orkuvinnslu í vatnsaflsvirkjunum. Þau umhverfismarkmið sem lagt var upp með í fyrstu hefðu haft í för með sér vinnslutap upp á allt að 8% í vatnsaflsvirkjunum landsins. Auk þess sem upp hefðu getað komið vandamál með að anna eftirspurn eftir raforku á ákveðnum tíma ársins sem og erfiðleikar í tengslum við að tryggja nauðsynlega samspil við Norræna raforkukerfið og þannig valdið auknum þrýsting á það. Samorka leggur því áherslu á fullt tillit sé tekið til orkuvinnslunnar og lærdómur dreginn af því hvernig málið var unnið í Noregi. En fram kemur í skýrslu um manngerð og mikið breytt vatnshlot að stuðst sé við upp færða aðferðafræði Norðmanna og væntum við þess að sama verði upp á teningnum þegar unnið verður að álagsgreiningum og skilgreiningum á gæðapáttum fyrir Ísland. Að auki er þess vænst að áfram verði farsælt samráð við hagaðila, sem í þessu tilfelli eru rekstraraðilar vatnsaflsvirkjana.


Í aðgerðaáætlun vatnaáætlunar er fjallað um **áhrif loftslagsbreytinga á aðgerðir vatnaáætlunar**. Sem hluti af athugun á loftslagsáhrifum (e. climate check) vegna stýringa sem tengjast vatnsaflsvirkjunum er mikilvægt að horfa til þess að nú þegar hefur verið fjárfest í vatnsaflsvirkjunum og því hefur stærsti hluti kolefnislosunarinnar sem á sér stað á líftíma þeirra þegar átt sér stað, þ.e. innbyggt kolefni (e. embedded carbon) í mannvirkjum og búnaði og losun á framkvæmdatíma. Losun á rekstrartíma virkjana er hins vegar hverfandi og því mikilvægt að tryggt sé að þær fjárfestingar sem lagt hefur verið í, hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda, nýtist með sem bestum hætti og rekstrars kilyrði vatnsaflsvirkjana séu ekki skert (sjá dæmi á mynd 1).

Taka þarf tillit til þess að á komandi árum mun eftirspurn eftir raforku og heitu vatni aukast með orkuskiptum í samgöngum og öðrum starfsgreinum, sem og áherslu á græna endurreisn. Framtíðin kallar því á aukna orku og það er skylda okkar að tryggja að hún verði frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem er

# SAMORKA

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuframleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

grundvöllur þess að Ísland standist skuldbindingar sínar í loftslagsmálum þar sem nýting vatns við framleiðslu raforku er einmitt aðgerð sem kemur í veg fyrir losun gróðurhúsalofttegunda og kemur í veg fyrir að orka sé framleidd með orkugjöfum sem hafa neikvæð áhrif á loftslagið.



Mynd 1.1 Á grófunum má sjá hvernig losun gróðurhúsalofttegunda skiptist á milli mismunandi fasa á líftíma Búðarhúlsstöðvar (t.v.) og Fljótsdalsstöðvar (t.h.). Losun vegna rekstur og losunar frá lónum er lítil hluti af heildarlosun á líftíma aflstöðvanna. Mikilvægt er að horft sé til þess að þessar fjárfestingar séu nýttar með sem bestum hætti (Heimildir: Skýrslur Landsvirkjunar; LV-2018-048 og LV-2018-064).

## Hitaveitur og raforkuvinnsla með jarðhita

Í næsta vatnahring munu bætast við greiningar á heitavatnsauðlindinni og hún mátuð inn í stjórnkerfi vatnaáætlunarinnar. Samorka vill minna á mikilvægi nýtingar jarðhita við upphitun húsnæðis og raforkuvinnslu landsins og hve mikilvægt er að vatnaáætlun styðji við starfsumhverfi þeirra fyrirtækja sem nýta auðlindina með sjálfbærum hætti til framtíðar. Metið hefur verið að með nýtingu jarðhita til upphitunar og raforkuvinnslu hafi íslenska þjóðin komið í veg fyrir losun á 175 milljónum tonna CO<sub>2</sub> ígilda frá árinu 1914 og því ljóst að hér er um eina af lykildreytum að ræða hvað varðar aðgerðir í loftslagsmálum og mikilvægt að tryggja að hægt er að halda áfram á þeirri braut. Samorka og aðildarfyrirtækin leggja áherslu á náð samráð við innleiðingu á þessum þáttum í vatnaáætlun enda mikilvægt að hún styðji við sjálfbæra nýtingu náttúruauðlindanna til framtíðar og þar með tækifæra komandi kynslóða til aðgengis að grænni orku og heitu vatni.

## Fráveitur sveitarfélaga

Mikilvægum áfanga í frekari uppbyggingu fráveitna víða um landa náðist þegar styrkveitingar frá ríkinu í formi ígildis endurgreiðslu á virðisaukaskatti komu að nýju inn í löggjöfina og er það fagnaðarefni sem



# SAMORKA

*Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforku- framleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku*

sérstaklega ber að þakka. Fráveituframkvæmdir eru afar kostnaðarsamar og geta verið sérlega íþyngjandi í fámennu sveitarfélögum. Því er ljóst að til þess að fullnægjandi árangur náist í málaflokknum þarf að tryggja viðunandi framlag á réttum tíma, þ.e. í samræmi við áætlanir fráveitna um framkvæmdir.

Hvað varðar aðgerð um **forgangsröðun fráveituframkvæmda** þá er margt en óljóst um hvernig einstakir þætti koma til framkvæmdar og mikilvægt að þeir verði unnir í nánú samstarfi við hlutaðeigandi aðila á grundvelli gildandi laga og reglugerðar. Ljóst er að ofangreint styrkjakerfi hvetur sveitarfélög og fráveitur þeirra til framkvæmda en á sumum stöðum getur þurft að horfa til frekari stuðnings eins og dæmin sanna. Ekki er ljóst hvert verður samskiðið á milli annars vegar þeirra framkvæmda sem verður forgangsráðað í aðgerðaáætluninni og hins vegar vegar úthlutun styrkja sem er á forræði umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Forsendur þess að fá áætlun um framkvæmdir samþykktar skv. styrkjafyrirkomulagi eru skilgreindar í þeim breytingum sem gerðar voru á lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Nauðsynlegt er því að skýra forsendur forgangsröðunar í aðgerðinni því forgangslisti framkvæmda má ekki verða til þess að samþykkt framkvæmd fái ekkistyrkeda styrkveiting frestist. Samorka leggur áherslu á að þær fráveitur sem eru tilbúnar til að fara í framkvæmdir geti hafist handa, einkum þar sem framkvæmdaáætlanir eru samþykktar af ráðuneytinu.

Þá leggur Samorka áherslu á áframhaldandi samtal og samvinnu vinnuhóps Umhverfisstofnunar við hlutaðeigandi sveitarfélög hvað varðar aðgerðir sem settar hafa verið fram og snúa að **fráveitumálum þar sem viðtakinn er flokkaður í óvissu**.

Það vekur athygli að aðgerð um **kynningar á kröfum nýrrar reglugerðar um fráveitur og skólp** er tímasett á árinu 2021. Hins vegar hefur útgáfa reglugerðarinnar dregist úr hófi fram og hefur ekki enn litið dagsins ljós. Það er ákaflega óheppilegt í ljósi þess að nú vinna fráveitur um allt land að framkvæmdaáætlunum með tilkomu styrkveitinga, en kröfur til málaflokksins eru í raun í óvissu. Í þessu samhengi er rétt að minna á að sú tillaga að nýrri reglugerð var á sínum tíma samdóma niðurstaða Samroku, Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar.

Hvað varðar aðgerðir um **verklag við flokkun viðkvæmra svæða og flokkun svæða í viðkvæm og síður viðkvæm** vill Samorka benda á að fram kemur að markmiðið með hreinsun á fráveituvatni er að bæta vatnsgæði í viðtökum sem vatnið er losað út í og stuðla þannig að bættum vatnsgæðum og lífríki, útivist, lyktarónæði, sjónmengun og losun gróðurhúsalofttegunda. Hvað varðar losun fráveituvatns í jökulár þá eru nú gerðar kröfur um hreinsun á lífrænu efni með tveggja þrepa hreinsun þar sem viðtakinn er næringarefnasnautt jökulvatn. Ekki hefur verið sýnt fram á þörf á tveggja þrepa hreinsun við slíkar aðstæður til að uppfylla framangreind markmið þar sem ekki getur talist líklegt að sú losun muni hafa í för með sér næringarefnaauðgun í jökulám. Því hefur ekki verið sýnt fram á þörfina á þeim gríðarlegu fjárfestingum sem fráveitur sveitarfélaga þurfa að fara í til að uppfylla þessar kröfur. Um er að ræða afar kostnaðarsamar framkvæmdir sem og aukinn kostnað til framtíðar við rekstur hreinsistöðvanna. Afar brýnt er að þær kröfur sem gerðar eru og skapa umtalsverðan kostnað hafi óyggjandi umhverfisbættandi áhrif. Taka verður tillit til þess að hvað varðar jökulár, er um sérstakar aðstæður að ræða hérlendis sem ekki verða heimfærðar á ríki Evrópusambandsins þaðan sem löggjöfin á uppruna sinn. Hægt er að færa rök fyrir því að kröfur um hreinsun umfram það sem er nauðsynlegt hefur í för með sér offjárfestingar og umfram framleiðslu á búnaði, mannvirkjum o.s.frv. með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda við framleiðslu þeirra sem er mjög miður þegar viðtakinn hefur getu til að taka við fráveituvatninu að undangenginni eins þrepa hreinsun. Í vatnaáætlun er fjallað um áhrif aðgerðanna á losun gróðurhúsalofttegunda og er mikilvægt að það sé skoðað heildstætt og ekki aðeins horft á losun gróðurhúsalofttegunda við enda pípunnar heldur einnig horft til þess hvað þarf til svo hægt

# SAMORKA

*Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforku- framleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku*

sé að komast á ákveðinn endapunkt, þ.e. einnig sé horft til innbyggðs kolefnis (e. embedded carbon) í mannvirkjum og búnaði.

Samorka fagnar aðgerð um **vinnslu leiðbeininga fyrir minni fráveitur** sem og aukinni **fræðslu til og þar með meðvitund almennings** um fráveitumál.

## Vatnsveitur

Áður er vikið að mikilvægu hlutverki vatnsveitna við umsjón, rekstur og vöktun vatnsverndarsvæða um allt land en aðildarfyrirtæki Samorku gegna því hlutverki að afla og veita öllum meginþorra landsmanna og fyrirtækjum landsins heilnæmt og gott neysluvatn sem uppfyllir ýtrustu gæðakröfu. Neysluvatnsauðlindin nýtur því miður ekki nægjanlegrar athygli og allt of algengt er að í umfjöllun um vatnsverndarsvæði sé hún ekki í fyrsta sæti þegar önnur nýting viðkomandi landsvæða er í umræðunni. Skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða ýmiskonar mannvirkja gerð eða óbeina nýtingu t.d. með útivist og tilheyrandi umferð og álagi. Í þessu samhengi er rétt að minna á að aðildarfyrirtæki Samorku leggja áherslu á vöktun þessara þátta innan vatnsverndarsvæða bæði á sínum vegum en e einnig kröfu um að þau sem álaginu valda hafi ríkar skyldur í þessum efnum. Í dæmaskyni má minna á að umferð ökutækja liggur víða um vatnsverndarsvæði með tilheyrandi slyshættu og hættu á uppsöfnun mengandi efna í og við vegstæðl. Með þetta í huga eru Samorka og EFLA verkfræðistofa að vinna rannsóknarverkefni með styrk úr rannsóknasjóði Vegagerðarinnar þar sem unnið er að þróun á aðferðafræði til þess að meta þessar hættur og álagið sem þarna er um að ræða og þá með hvaða hætti undirbúningur, hönnun, bygging og síðan rekstur vega innan vatnsverndarsvæða getur unnið gegn og takmarkað eins og kostur er þessar áhættur og einnig tryggt skjót viðbrögð við hreinsun og brottflutning mengandi efna verði mengunarslys.

Áður er vikið að því að aðildarfélag Samorku leggja mikla áherslu á ítarlega vöktun og þar með gæðakröfur í rekstri sínum og miðlun þekkingar hér að lútandi innan sinna vébanda. Mikilvægt er að vatnaáætlun, aðgerðaráætlun og vöktunaráætlun taki mið af þessu og nýti þá þekkingu og þær upplýsingar og gögn sem fyrirtækin búa yfir og þar með að ekki sé að einhverju leyti um tvöfalt kerfi að ræða.

Eins og áður segir er mikilvægt að aðgerðir í vöktun snú jöfnum höndum að vatnsveitunum en ekki síður af þeim sem bera ábyrgð á álagi eða mögulegu álagi á neysluvatnsauðlindina. Mikilvægt er að neysluvatnsauðlindinni sé tryggð vernd sama hver er uppspretta álagsins.

Samorka þakkar fyrir tækifærið til að veita málinu umsögn og eru samtökin að sjálfsögðu tilbúin til að koma að vinnu málsins í framhaldinu. Að öðru leyti vísast til umsagna aðildarfyrirtækja Samorku.

**Virðingarfyllst,**

**f.h. Samorku**

**Baldur Dýrfjörð lögfræðingur**

## Svör Umhverfisstofnunar við umsögn Samorku

Umhverfisstofnun tekur undir orð Samorku um mikilvægi auðlindarinnar og samvinnu aðila þar að lútandi. Þá hefur Umhverfisstofnun átt gott samstarf við aðildarfélag Samorku við vatnaáætlun og óskar eftir áframhaldandi góðu samstarfi. Eins og fram kemur í umsögninni er mikil þekking innan aðildarfélaga Samorku sem mikilvægt er að nýta við áframhaldandi vinnu og tryggja að ekki verði um tvíverknað að ræða þegar kemur að vinnu við þennan málaflokk.

Í umsögn Samorku er varðar orkuvinnslu, hitaveitu og raforkuvinnslu með jarðhita þá bendir Umhverfisstofnun á að eitt af meginmarkmiðum vatnaáætlunar er að tryggja sjálfbærni auðlindarinnar og þannig styðja við sjálfbæra orkuvinnslu. Mikilvægt er að auðlindin sé ekki nýtt umfram endurnýjun og að gott samstarf sé milli aðila um vöktun og upplýsingaöflun.

Í tengslum við umfjöllun Samorku varðandi vatnsaflsvirkjanir bendir Umhverfisstofnun á að vinnan við að tilnefna mikið breytt og manngerð vatnshlot er í eðli sínu álagsgreiningu á vatnsformfræðilegum gæðapáttum. Gefin var út skýrsla um Mat á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum sem fjallar um vatnshlot sem eru undir vatnsformfræðilegu álagi vegna stórra vatnsaflsvirkjana. Við áframhaldandi vinnu mun Umhverfisstofnun vinna áfram með viðeigandi samstarfs- og hagsmunaaðilum.

Hvað varðar loftslagsáhrif þá gerir Umhverfisstofnun ráð fyrir að á næstu árum verði frekar unnið að því að gera áhrifum loftslagsbreytinga á vatnaáætlun ítarlegri skil, ekki síst þegar kemur að mati á aðgerðum. Sú vinna á þó enn langt í land og gert er ráð fyrir samvinnu og samráði við hagaðila þegar þar að kemur.

Varðandi forgangsröðun og eftirfylgni með úrbótum í fráveitu þá er aðgerðin hugsuð til að auðvelda framkvæmd verkefnisins t.d. fyrir heilbrigðisnefndir, þannig að byrjað verði að vinna með sveitarfélögum/þéttbýlum þar sem úrbóta er mest þörf. Slíka forgangsröðun þarf samt sem áður að skipuleggja með tilliti til þess hvort sveitarfélög eru þegar búin að sækja um styrk til fráveituframkvæmda hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu eins og Samorka bendir á.

Umhverfisstofnun hefur átt gott samstarf við sveitarfélög hvað varðar aðgerðir fyrir þau þéttbýli sem eru að losa skólp út í vatnshlot sem skilgreind eru í óvissu. Þeirri samvinnu verður framhaldið þar til aðgerðum verður lokið þennan vatnahring.

Umhverfisstofnun tekur undir að það er óheppilegt að dregist hefur að gefa út endurskoðaða reglugerð um fráveitur og skólp. Reglugerðin verður ekki kynnt fyrr en eftir að hún kemur út og tímasetning þeirrar aðgerðar hefur verið lagfærð og verður ekki fastsett í samræmi við ábendingar Samorku.

Hvað varðar flokkun viðkvæmra og síður viðkvæmra viðtaka þá eru ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp skýr hvað varðar að jökulár eru skilgreindar sem ferskvatn og um ferskvatn gilda ákvæði í reglugerð um fráveitur og skólp um meiri hreinsun þ.e. tveggja þrepa hreinsun, ekki er hægt að horfa framhjá þeim kröfum.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi neysluvatnsauðlindarinnar og þess að tryggja vernd hennar og er það einmitt markmið vatnaáætlunar. Í aðgerðaáætlun eru settar fram nokkrar aðgerðir sem snúa að t.d. greiningu á kröfum reglugerða um neysluvatn, grunnvatn og vatnsvernd, ábyrgðarskiptingu mismunandi opinberra aðila sem koma að framfylgd og eftirliti með neysluvatni og skilgreina verndarsvæði við vatnsból. Bent er á í umsögninni að vöktun á



vatnsauðlindinni þurfi jöfnum höndum að fara fram af þeim sem nýtir auðlindina en einnig þeim sem leggur álag á hana. Því er Umhverfisstofnun sammála en kerfi stjórnar vatnamála leggur einmitt áherslu á mengunarbótaregluna að sá sem mengar/veldur álagi á vatn hann ber ábyrgð á að draga úr því álagi og vakta vatnið.

Umhverfisstofnun tekur undir að mikilvægt er að samnýta þekkingu og gögn frá mismunandi aðilum m.a. til að samræma vöktun skv. stjórn vatnamála þeim vöktunarkerfum sem fyrirtæki nota við sinn daglega rekstur. Vonast Umhverfisstofnun eftir góðu samstarfi á því sviði.

## 6. Viðbrögð Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ekki barst eiginleg umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga aftur á móti bárust viðbrögð í tölvupósti dags. 15. júní 2021. Í tölvupóstinum kom fram að tillagan bæri vitni um vönduð vinnubrögð og gefi ekki tilefni til athugasemda af hálfu sambandsins, því var ekki gerð formleg umsögn.

Umhverfisstofnun þakkar góð viðbrögð.